

Sent í tölvupósti

Reykjavík, 5. október 2023

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
v.t. Bjarni Jónsson, formaður

Efni: Umsögn til umhverfis- og samgöngunefndar um tillögu til þingsályktunar um skráningu og bókhald kolefnisbindingar í landi, þingskjal 46 – 46. mál, 154. löggjafarþing.

Bændasamtökin styðja eindregið þingsályktunartillögu þessa enda um afar þarft málefni að ræða. Íslenskir bændur hafa síðustu áratugi verið frumkvöðlar í verkefnum er tengjast kolefnisbindingu í landi m.a. með verkefnum Bændur græða landið og Bændaskógar. Mikilvægt er að treysta umgjörð þessa málaflokks þannig að bændur fái slík verkefni metin í loftslagsbókhald sitt.

Jafnframt vilja Bændasamtökin vekja athygli á því að skýra þarf fleiri hliðar sem tengjast loftslagsbókhaldi og loftslagsaðgerðum en samtökin hafa rekið sig á umtalsverða upplýsingaóreiðu í þessum málaflokki. Mikilvægt er þannig að koma á skýrri umgjörð sem byggir á staðreyndum og traustum rannsóknum þannig að hægt sé að byggja ákvarðanatöku í málaflokknum á traustum forsendum.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, yfirlögfræðingur